

Viðauki- Fjarlægðarmörk og fjöldi laxa

1.1. Sameiginlegt ósasvæði - Eitt eða tvö straumvötn ?

Tvö straumvötn skv. álití Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur í málsrökum sínum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála¹ miðað við að Hvannadalsá og Langadalsá séu tvær ár og þótt þær hafi sama ósasvæði séu þær tvö mismunandi straumvötn frá ósi til upptaka ána. Umhverfisstofnun telur ekki rétt að miða við samanlagða meðalveiði í ánum. Í rökstuðningi UST er vísað til laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og er þar að finna skilgreiningar fyrir á, ós og straumvatn (tafla 1.1).

Tafla 1.1. Skilgreiningar í lax og silungsveiðilögum.

Í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði er m.a. að finna eftirfarandi skilgreiningar:

- **Á:** Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.
- **Ós í sjó:** Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.
- **Ósasvæði:** Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumslæði.
- **Straumvatn:** Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

1.2 Álit ÚUA

Niðurstaða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) nr. 5/2017 Háafell - sjókvíeldi² sem felldi starfsleyfi Háafells úr gildi segir:

„Loks athugist að veiðitala er skilgreind sem tala veiddra fiska skv. 58. tl. 3. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Skilgreining á því að veiddum fiski sé sleppt eða áhrif þess á veiðitölu koma ekki fram í þeim lögum, en eðli máls samkvæmt telst sá fiskur veiddur sem sleppt er. Í viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemd vegna fjarlægðar fyrirhugaðs eldis frá ósum laxveiðiáa kemur fram að samkvæmt nánar tilgreindum heimildum sé samanlögð veiði tveggja tilgreindra laxveiðiáa 503 fiskar að meðaltali síðastliðin 10 ár. Þar sem veiðimenn sleppi a.m.k. 0-160 fiskum á ári í hvorri á fyrir sig sé meðalfjöldinn hins vegar undir 500 fiskum síðastliðin 10 ár. Verður ekki séð að þessi staðhæfing sé rökrétt miðað við gefnar forsendur. Eins og hér háttar er það álit úrskurðarnefndarinnar, að gættum þeim markmiðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi að vernda beri villta nytjastofna, og að í því sambandi skuli m.a. gæta fjarlægðar eldisstöðva frá veiðiám, að miða skuli við samtölu veiddra laxa úr þeim ám sem sameiginlegan ós hafa fremur en tölu veiddra laxa úr hverri á fyrir sig“.

1.3 Niðurstaða.

Telja verður að þrátt fyrir að um sameiginlegt ósasvæði ána sé að ræða þá sé eðlilegt að líta til röksemda Umhverfisstofnunar að hér sé um mismunandi straumvötn að ræða og við það eigi að miða varðandi tölu veiddra laxa í viðkomandi ár. Það eitt að þær eigi sameiginlegt ósasvæði getur ekki ráðið úrslitum í þesum efnum.

¹ <http://uua.is/?c=verdic&id=1469>

² <http://uua.is/?c=verdic&id=1469>

1.4 Aðferðir við talningu á fjölda laxa

Mismunandi túlkanir opinbera aðila

ÚUA bendir á að veiðitala er skilgreind sem tala veiddra fiska skv. 58. tl. 3. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í rökstuðningi ÚUA kemur fram að veiddum fiski sé sleppt eða áhrif þess á veiðitölur koma ekki fram í lögum og eðli máls samkvæmt telst sá fiskur veiddur sem sleppt er. Í rökstuðningi UST er bent á að sami fiskur geti veiðst oft en einu sinni og því meðalveiði undir 500 löxum yfir 10 ára tímabil.

Skilgreiningar í lögum og reglugerðum

ÚUA kys að nota veiðitölu en í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði er stuðst við tvær skilgreiningar:

- Veiðitala: Tala veiddra fiska.
- Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.


Þessi hugtök (veiðitala og veiðimagn) er aðeins að finna í 3. gr. laganna þar sem er að finna skilgreiningar og ekki notuð annars staðar í lögnum.

Lax- og silungsveiði

Í álegri skýrslu Hafró um lax- og silungsveiði kemur fram í kafla um aðferðafærði:

„Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og agn auk veiðistaðar ef númer þeirra er skráð í þar til gerðan reit. Einnig var skráður fjöldi þeirra fiska sem voru veiddir og sleppt aftur, en gert er ráð fyrir því að það sé merkt í veiðibók. Veiði að frádregnum þeim fjölda fiska sem sleppt er aftur er skráður sem afli (fjöldi landaðra fiska) úr viðkomandi veiðivatni“³.

Sá fjöldi laxa sem sleppt er úr stangveiði á Íslandi hefur stöðugt farið vaxandi frá því slíkar veiðiaðferðir voru fyrst skráðar hér á landi (mynd 1.1). Sumarið 2017 var hlutfall laxa sem var sleppt 42,2% þegar litið til allrar stangveiði en 51,4% af villtum laxi. Hlutfall smálaxa sem var sleppt var alls 32,9% en 42,3% þegar eingöngu er miðað við laxa af náttúrulegum uppruna. Á sama hátt var sleppt alls 73,2% að stórlaxi í heild en 77,3% af þeim sem höfðu megnið af framleiðslunni úr stofnum með náttúrulega framleiðslu. Þegar lög um lax- og silungsveiði voru gefin út árið 2006 var hlutfall sleppt byrjað að aukast en eykst verulega eftir gildistöku laganna (mynd 1.1).



Mynd 1.3. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974 -2017 skipt í afli. Veitt og sleppt og afli úr sleppingum gönguseiða⁴.

³ https://www.hafogvatn.is/static/research/files/skra_0075486pdf

⁴ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2018-35pdf>

Fjarlægðarmörk

Í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna kemur fram:

„Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km“.

Telja sama fiskinn oft

Þegar reglugerðin var gefin út árið 2000 var mjög lítið um að villtum laxi væri sleppt (sjá mynd 1.1) og því eðlilegt að ekki væri tekið tillit til fjölda slepptra laxa við smíði reglugerðarinnar.

Það sem hefur verið að gerast með aukningu á veiða/sleppt er að farið er að telja sama fiskinn oft en einu sinni. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hve hátt hlutfall laxa sem sleppt er endurveiðist í Langadalsá og Hvannadalsá. Samkvæmt niðurstöðum merkinga í nokkrum laxveiðiám er um 25% þeirra laxa sem sleppt er, veiddur oft en einu sinni⁵. Í skýrslu um lax- og silungsveiði 2013 kemur fram að „það bendir til þess að, að lágmarki þurfi að draga það hlutfall (um 30%) frá fjölda slepptra laxa og leggja við fjölda landaðra laxa til að fá út veiðitölur sambærilegar við fyrri ár þegar eingöngu var veitt og aflla landað⁶“.


1.5 Regnbogasilungur getur ekki fjölgað sér í íslenskri náttúru

Sá regnbogasilungsstofn sem Háafell notar er eingöngu hrygnur sem geta ekki fjölgað sér í íslenskri náttúru. Ef horft er til markmiða laga nr.61/2006 um lax og silungsveiði sem ofanefnd reglugerð nr. 105/2000 byggir á, segir að markmiðið með lögunum sé að kveða á um skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Enfnremur segir í reglugerðinni nr. 105/2000 að 15 km fjarlægð eigi ekki við ef notaður sé geldstofn. Í anda markmiða laganna er alveg ljóst að þar sem regnbogasilungur, eingöngu hrygnur, getur ekki tímgastr eða fjölgað sér í íslenskri náttúru og því stafi ekki hættu af því að sjálfbær nýting fiskstofnanna eða verndun þeirra hljóti skaða af. Þar af leiðandi á 500 fiska viðmið ekki við í tilfelli umsóknar um regnbogasilungseldi Háafells..


1.6 Meðalveiði

Laxveiðar í Langadalsá og Hvannadalsá

Á tíu ára tímabili 2008-2017 er afli ásamt fjölda slepptra laxa um 290 í Langadalsá (mynd 1.2). Fyrir einstök ár fer veiðin aldrei yfir 500 laxa á ári. Í Hvannadalsá er afli ásamt fjölda slepptara fiska að meðaltali 163 fiskar yfir sama tímabil og fer veiðin aldrei yfir 500 laxa á ári (mynd 1.3).




Mynd 1.2. Fjöldi laxa í Langadalsá á tímabilinu 2004-2017 með eða án fiska sem var sleppt (heimild; Hafrannsóknastofnun).




Mynd 1.3. Fjöldi laxa í Hvannadalsá á tímabilinu 2004-2017 með eða án fiska sem var sleppt (heimild; Hafrannsóknastofnun).

⁵ <http://landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/b6180d83e58a8ef2002572ab004e5c69?OpenDocument>

⁶ http://gamli.veidimal.is/Files/Skra_0067428.pdf



Mynd 1.4. Samanlagður fjöldi laxa í Langadalsá og Hvannadalsá á tímabilinu 2004 til 2017 með eða án fiska sem var sleppt (heimild; Hafrannsóknastofnun).



Mynd 1.5. 10 ára meðalveiði í Langadalsá og Hvannadalsá á árunum 2011 til 2017, með og án fjölda laxa sem var sleppt. Engin veiði var gefin upp í Hvannadalsá árin 2001-2004 (heimild; Hafrannsóknastofnun).

Samanlögð veiði

Þegar tekin er saman samanlagður fjöldi laxa í Langadalsá og Hvannadalsá yfir 10 ár tímabil (2008-2017) er landaður aflfi að jafnaði 375 laxar þegar miðað er við afla og fjölda slepptra laxa þá er fjöldinn að jafnaði 452 laxar (mynd 1.5). Af einstökum árum var aflinn mestur 634 laxar árið 2008 og þegar miðað við afla og fjölda slepptra laxa er fjöldinn mestur árið 2010, samtals 703 laxa (mynd 1.4). Þegar miðað er við afla og sleppt þá fer meðalveiði aðeins yfir 500 laxa árið 2013 og 10 ára meðalveiði hefur síðan verið að minnka á síðustu árum (mynd 1.5).

1.7 Aðgerðir til bæta sína stöðu

Aðgerðir veiðiréttarhafa


Þegar HG (nú Háafell) skilaði fyrst inn tilkynningu til Skipulagsstofnunar árið 2011 var tíu ára meðalveiði í Langadalsánni og Hvannadalsá, samtals 442 laxar og er þá miðað við afla og sleppt (mynd 1.5). Veiðiréttareigendur hafa á tímabilinu reynt að bæta stöðu sína með seiðasleppingum og auka hlutdeild veiða/sleppt.

Veiða/sleppt


Á árinu 2012 á sér stað töluverð aukning í veiða/sleppt og fram til 2017 er mikil aukning frá fyrri árum en þó töluverður munur á milli ára (mynd 1.6). Á árunum 2014 og 2016 er 40-50% laxa sleppt aftur og ákveðið hlutfall af þeim síðan veiddir aftur og fiskarnir taldir tvisvar og jafnvel oft.

Seiðasleppingar

Veiðiréttarhafar hafa bætt stöðu sína með umfangsmiklum sleppingum seiða í Langadalsá en minna er vitað um seiðasleppingar í Hvannadalsá (mynd 1.7). Um er að ræða umtalsverðar seiðasleppingar í Ísafjarðardjúpi og að mestu í Langadalsá og Hvannadalsá. Erfiðlega hefur gengið að afla upplýsinga um seiðasleppingar en það virðist hafa dregið úr þeim á síðustu árum og á sama tíma hefur dregið úr veiði í Langadalsá og Hvannadalsá.



Mynd 1.6. Hlutfall laxa sem veiðast í Langadalsá og Hvannadalsá sem var sleppt árin 2004-2015.



Mynd 1.7. Laxveiði í laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi árin 1974 til 2015 og gönguseiðasleppingar á tímabilinu sem tekist hefur að afla upplýsinga um. Laxveiði er byggð á gögnum Veiðimálastofnunar og sleppingar eru aðallega í Hvannadalsá og Langadalsá (Matsskýrsla Háafells, kafli 4.4).

Reglugerð nr. 105/2000

Hluti laxa sem hafa veiðst í Langadalsá og Hvannadalsá á síðustu árum og áratugum eru upprunnir úr seiðasleppingum. Hugsunin með reglugerð nr. 105/2000 er að vernda náttúrulega laxastofna. Í reglugerðinni er villtur laxastofn skilgreindur sem hópur laxfiska sem klekst út og elst upp í veiðivatni. Hafbeit er skilgreind í reglugerðinni sem slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði fiska að sjávardvöl lokinni, er þeir ganga í fiskeldisstöð eða veiðivatn. Með seiðasleppingum eru veiðiréttareigendur að auka laxagengd fram yfir náttúrulega framleiðslugetu veiðivatnanna.

1.8 Samantekt og niðurstöður

Skjal þetta byggir á yfirferð á lögum, reglugerðum, túlkunum opinberra stofnana og vísindalegra gagna. Draga má málfutning Háafells saman í 5 röksemdarfærslur.

Veiða/sleppa ekki til í lögum en vísindamenn gera ráð fyrir amk 25% endurheimt

Með sleppingum seiða og fara út í að veiða/sleppa eru veiðiréttareigendur að auka laxagengd fram yfir náttúrulega framleiðslugetu veiðivatnanna. Aðeins árið 2013 er meðalveiði 10 ár (2004-2013) yfir 500 löxum og er þá miðað við afla og sleppt. Á þessu tíu ára tímabili var að meðaltali sleppt 65 löxum og þegar gert er ráð fyrir 25% laxanna veiðist aftur þá er meðalveiðin komin niður í um 490 laxa.

Seiðasleppingar skekkja myndina

Miklar seiðasleppingar veiðiréttarhafa skekkja enn fremur myndina um náttúrulegan sjálfbæran stofn ána. Sjá má glögglega áhrif sleppinganna á veiði í ánum en síðustu ár hafa sleppingar minnkað og afli þar með sömuleiðis.

Tvö straumvötn

Umhverfisstofnun hefur talið Hvannadalsá og Langadalsá sem tvö mismunandi straumvötn þrátt fyrir sameiginlegt ósasvæði. Undir það tekur Háafell og því beri ekki að leggja saman afla þessara áa, sjá kafla 1.1 og 1.3

Meðalveiði síðustu 10 ára kominn talsvert undir 500 laxa mörkin

Verði talið að rétt sé að leggja saman veiði í ánum þrátt fyrir álit Umhverfisstofnunar um tvö mismunandi straumvötn frá ósi til upphafs ána þá er bent á að meðaveiði laxa yfir 10 ára tímabil er orðin minni en 500 laxar síðastliðin þrjú ár, þrátt fyrir að inn í þeim tölum sé bæði veitt og sleppt, líkt og farið er yfir í kafla 1.4. Jafnvel þó að öll atriðin séu túlkuð Háafelli í óhag hefur 10 ára meðaltal í samlagðri veiði í ánum verið langt undir 500 laxa mörkunum síðustu þrjú árin.

500 laxa viðmiðið á ekki við regnbogasilungseldi Háafells

Þar sem einungis er notaður hrygnustofn í regnbogasilungseldi Háafells sem getur ekki fjölgað sér í íslenskri náttúru er ljóst að 500 laxa viðmið fyrir fjarlægðarmörk sem sett voru í reglugerð nr. 105/2000 eiga ekki við.

Að virtu öllu því sem að framan er rakið er það niðurstaða Háafells að fyrirhugað regnbogasilungseldi Háafells samrýmist að fullu markmiðum laga nr.61/2006 um verndun ferskvatnsfiska.